

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 109/2015****2016/EES/42/36****frá 30. apríl 2015****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/106/ESB frá 5. desember 2014 um breytingu á V. og VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0106**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/106/ESB frá 5. desember 2014 (Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 42).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/106/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 42.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.